

## Lög hestaíþróttadómarafélags Íslands

### 1. grein

Hestaíþróttadómarafélag Íslands er félag allra dómara í hestaíþróttum í landinu. Aðsetur félagsins er í Reykjavík. Skammstöfun fyrir nafn félagsins skal vera HÍDÍ.

### 2. grein

Tilgangur félagsins er:

- a) Að halda skrá yfir alla hestaíþróttadómara og kennara í hestaíþróttadómarafraeðum í landinu.
- b) Að gangast fyrir námskeiðum og fræðslufundum svo og ráðstefnum fyrir dómara, í samráði við Dómaranefnd LH.
- c) Að sjá til þess að hestaíþróttadómarar starfi í anda þeirra laga, sem ársþing LH setur.
- d) Aðalfundur HÍDÍ ákveður launakjör og ferðakostnað dómara í byrjun hvers árs
- e) Að skipa fulltrúa með landsdómararéttindi í Dómaranefnd LH.
- f) Að flokka dómara í alþjóða-, lands- og héraðsdómara í samráði við Dómaranefnd LH.

### 3. grein

Aðilar að HÍDÍ geta allir hestaíþróttadómarar í landinu orðið, sem lokið hafa tilskyldu prófi.

### 4. grein

HÍDÍ heyrir undir og lýtur lögum og reglugerðum LH, en er að öðru leyti stjórnað af:

- a) Aðalfundi félagsins
- b) Stjórn HÍDÍ

### 5. grein

Aðalfundur HÍDÍ skal haldinn í janúar ár hvert. Aðalfundurinn fer með æðsta vald félagsins. Skal til fundarins boðað með auglýsingu eða á annan sannarlegan hátt með 14 daga fyrirvara. Aðalfundurinn er löglegur, ef löglega er til hans boðað.

### 6. grein

Á aðalfundi hafa allir dómarar innan félagsins atkvæðisrétt og málfrelsi, auk þess hafa rétt á fundarsetu með málfrelsi og tillögurétt:

- a) Stjórn og varastjórn HÍDÍ
- b) Stjórn LH

Auk þess getur stjórn félagsins boðið öðrum aðilum fundarsetu, ef hún telur ástæðu til og og skulu þeir hafa málfrelsi. Tillögum um lagabreytingar og skipulagsmál, sem óskast tekin fyrir á aðalfundi, skulu hafa borist stjórn félagsins eigi síðar en 7 dögum fyrir aðalfund.

## 7. grein

Dagskrá aðalfundar skal vera eftirfarandi:

1. Formaður setur fundinn
2. Kosinn fundarstjóri og fundarritari
3. Skýrsla stjórnar félagsins
4. Lagðir fram reikningar félagsins
5. Umræður um skýrslu og reikninga og þeir bornir undir atkvæði.
6. Lagðar fram tillögur
7. Afgreiðsla tillagna
8. Ákvörðun félagsgjalda sbr. 9 gr.
9. Ákvörðun launa sbr. 1 gr.
10. Kosning stjórnar og varastjórnar sbr. 8. gr.
11. Önnur mál
12. Fundarslit

## 8. grein

Stjórn HÍDÍ fer með æðsta vald félagsins milli aðalfunda. Stjórnina skipa 3 menn og 2 til vara. Formaður skal kosinn fyrst til eins árs í senn, en síðan tveir stjórnarmenn til tveggja ára í senn, þó þannig að annar gangi úr stjórn ár hvert. Ennfremur skal kjósa tvo varamenn og taka þeir sæti í aðalstjórn í forföllum aðalmanna í þeirri röð, sem þeir eru kosnir. Varamenn skulu sitja stjórnarfundum með málfrelsi og tillögurétt. Stjórnin skiptir með sér verkum. Reikningsár félagsins er alamanaksárið.

## 9. grein

Stjórn félagsins skal innheimta félagsgjöld, sem aðalfundur ákveður og verði þau innheimt á samhfingarnámskeiðum. Dómarar halda félagsaðild sinni svo lengi sem þeir greiða félagsgjöld.

## 10. grein

Lögum þessum er hægt að breyta á aðalfundi HÍDÍ með 2/3 greiddra atkvæða. Tillaga um að leggja niður félagið telst aðeins samþykkt að hún hafi hlotið  $\frac{1}{4}$  atkvæða. Verði félagið lagt niður skulu sjóðir þess og eignir renna til LH.

16.01.2015